

Nr. 20-067 S 051 Hesteyri ÍS 95 farþegaskip***Vélarvana og dregin í land***

Skipaskr.nr. 2349
Smíðaður: Hafnarfirði 1999, plast
Útgerð: Topon ehf.
Stærð: 10,15 brl. 11,34 bt.
Mesta lengd: 11,48 m *Skráð lengd:* 11,43 m
Breidd: 2,80 m *Dýpt:* 1,27 m
Vél: Yanmar 276 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 4



Hesteyri©NN

Gögn:
RNSA

Málið afgreitt á fundi 22. október 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júlí 2020 var farþegabáturinn Hesteyri á siglingu innan við Jökulfirði. Veður: Hægviðri.

Á siglingunni kom upp bilun í vél bátsins og óskað var eftir aðstoð. Skemmtibáturinn Freydís ÍS 25 dró bátinn til hafnar á Hesteyri. Eigandi bátsins fékk síðan annan bát til að draga Hesteyri til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að á siglingunni kom högg frá vélinni og skipstjórann grunaði að það væri að fara stimpill og drap á henni;
- að vélin var að gerðinni Yanmar árgerð 2004;
- að skipt var um vél í bátnum og sett niður ný samskonar vél;
- að ekki var kannað hvað orsakaði bankið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.